

# Almennir skilmálar

Fyrir rafræn skilríki gefin út undir milliskilríkjum Auðkennis

## 1 Inngangur

### 1.1 Almennt

Skilmálar þessir gilda um notkun, traust og útgáfu rafrænna skilríkja gefin út undir milliskilríkjum Auðkennis, til skýringar á þeim skuldbindingum sem fullnægja þarf til að tryggja öryggi og áreiðanleika skilríkjanna.

Skilmálarnir eru samdir með hliðsjón af [vottunarstefnum](#) Auðkennis og lögum um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019, sbr. og lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Traustþjónusta Auðkennis, sem skilmálar þessir gilda um, hefur verið metin í samræmi við reglugerð Evrópúþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 („eIDAS reglugerðin“) sem innleidd er í íslenskan rétt með lögum nr. 55/2019. Hugtök sem notuð eru í skilmálum þessum skulu hafa þá þýðingu sem þeim eru gefin í lögum nr. 55/2019 og eIDAS reglugerðinni.

### 1.2 Samræmi

Komi fram ósamræmi milli skilmála þessara og annarra skjala sem skuldbinda Auðkenni ganga ákvæði þessara skilmála framar nema annað sé sérstaklega tilgreint í ákvæðum viðeigandi skjala.

Ákvæði íslenskrar útgáfu þessara skilmála ganga framar útgáfum á örðrum tungumálum komi fram ósamræmi í texta.

## 2 Heimild og samþykki

### 2.1 Heimild

Auðkenni heimilar skilríkjahöfum notkun rafrænna skilríkja sem gefin eru út á þá á meðan skilríkin eru gild, að því marki sem notkunin er í samræmi við skilmála þessa. Öðrum en skilríkjahafa er óheimilt að nota skilríkin og er framangreind heimild skilríkjahafa einskorðuð við aðgerðir er varða hann sjálfan.

Auðkenni heimilar jafnframt þjónustuveitendum og örðrum treystendum að hagnýta sér rafræn skilríki gefin út undir milliskilríkjum Auðkennis í rekstri sínum svo fremi sem aðilarnir fylgi skilmálum þessum í hvívetna.

### 2.2 Samþykki

Ábyrgðaraðilar undirgangast skuldbindingar tengdar rafrænu skilríjunum og skilmálum þessum með undirritun umsóknar um rafrænu skilríkin. Ábyrgðaaðilar eru oftast jafnframt skilríkjahafar. Þegar skilríkjahafi er annar en ábyrgðaraðili, samþykkir skilríkjahafinn skuldbindingar sínar tengdar rafrænu skilríjunum, skilmálum þesum og móttöku skilríkjanna með undirritun sérstaks samþykktarforms við afhendingu skilríkjanna. Þegar skilríkjahafi er lögaðili samþykkir ábyrgðaraðilinn afhendingu og móttöku skilríkjanna.

Hagnýting þjónustuveitenda og annarra treystenda á rafrænum skilríkjum og annari þjónustu tengri rekstri milliskilríkja Auðkennis, jafngildir samþykkir þessara skilmála og yfirlýsingur um að þeir hafi farið að þeim reglum sem hér koma fram og ekki gerst brotlegir við lög við hagnýtingu þjónustunnar.

## 3 Skilríkin

### 3.1 Almennt

Einkalyklar skilríkjahafa og tengd vottorð eru varðveitt á þeim miðli og í þeim undirskriftarbúnaði sem skilríkjahafi hefur valið. Einkalykill fullgildra rafrænna skilríkja er varðveittur í fullgildum undirskriftarbúnaði. Skilmálar þessir gilda einungis um rafrænu skilríkin og undirskriftarbúnaðinn en aldrei miðilinn sem varðveitir undirskriftarbúnaðinn og skilríkin.

### 3.2 Útgáfa og skráning

Skráningarstöðvar sjá um skráningu rafrænna skilríkja fyrir Auðkenni. Hlutverk skráningarstöðva er skilgreint í viðeigandi vottunarstefnu og upplýsingar um einstakar skráningastöðvar má finna á vef Auðkennis.

### 3.3 Afturköllun

Afturköllunarlistar (CRL) og stöðumiðlunarupplýsingar (OCSP) eru aðgengilegar 24/7, að teknu tilliti til ákvæða 10. gr. skilmála þessara. Afturköllunarfyrirspurnir um fullgildar undirskriftir sem gerðar eru til persónulegra nota eru aðgengilegar án endurgjalds.

Gæði afturköllunarþjónustu fara að örðru leyti eftir því þjónustustigi sem treystandi hefur valið sér skv. 5. gr. Markmið Auðkennis er að þjónustan sé ávallt starfhæf og að treystendur geti ávallt fengið upplýsingar um stöðu skilríkja. Stöðvist þjónustan eða liggi hún niðri af einhverjum ástæðum ber Auðkenni ekki bótaábyrgð á tjóni sem hlýst af.

Auðkenni afturkalla skilríki annað hvort að eigin frumkvæði eða að beiðni ábyrgðaraðila, skilríkjahafa eða eftirlitsaðila ef við á. Auðkenni verður að staðfesta afturköllunarbeïðni áður en til framkvæmdar kemur.

### 3.4 Heimildir Auðkennis til einhliða afturköllunar

Auðkenni hefur heimild til að afturkalla einhliða rafræn skilríki við tilteknar aðstæður m.a.:

- Við andlát skilríkjahafa.
- Ef rökstudd ástæða er til að ætla að mistök hafi átt sér stað við útgáfu skilríkja eða við vottun skilríkjahafa.
- Ef Auðkenni eða skráningarstöð telur víst að upplýsingar í rafrænum skilríkjum séu ekki réttar, t.d. þær hafi breyst, af hvaða ástæðu sem er.
- Við breytingar skilríkjahafans á miðli (t.d. kortaskipti).
- Ef skilríkjahafi hefur rafrænu skilríkin ekki undir höndum, m.a. sökum þess að þau hafa glatast og þeim verið skilað til skráningarstöðvar.

Ítarlegar upplýsingar um afturköllunarferli og heimildir Auðkennis má finna í viðeigandi vottunarstefnu.

### 3.5 Sérstök einindi

Skilríki sem Auðkenni gefur út geta innihaldið sérstök einindi sem er viðhaldið og uppfærð af örðrum aðilum. Einindi þessi geta haft áhrif á gildi skilríkjanna þannig að nauðsynlegt sé að afturkalla þau, falli niður heimild skilríkjahafa til þess að hagnýta sér einindin.

### 4 Ábyrgðaraðilar og skilríkjahafar

Ábyrgðaraðilar geta ýmist verið einstaklingur eða lögaðili eftir því hvers konar skilríki um er að ræða. Ábyrgðaraðili er oftast jafnframt skilríkjahafi.

Ábyrgðaraðilinn er ábyrgur fyrir réttleika þeirra upplýsinga sem settar eru í rafrænu skilríkin, fyrir notkun skilríkjanna, öryggi þeirra og fyrir því að hætta notkun skilríkjanna og að óska eftir afturköllun þeirra telji hann að öryggi skilríkjanna eða PIN númerins tengd notkun þeirra, hafi með einhverjum hætti verið stofnað í hættu. Ábyrgðaraðilanum ber að upplýsa Auðkenni um þessi atriði.

Þegar skilríkjahafi er ólögráða gengur forráðamaður frá umsókn sem ábyrgðaraðili og ber ábyrgð á skyldum skilríkjahafa eins og þær eru skilgreindar í þessari grein.

Skilríkjahafi, er ábyrgur fyrir heimild sinni til þess að takast á hendur skyldur þessar, fyrir áreiðanleika þeirra persónuskilríkja sem hann reiddi fram til sannvottunar, að hætta notkun skilríkjanna við afturköllun og að varðveita PIN númerin sem hann hefur valið sér tengd notkun skilríkjanna.

Þegar skilríkjahafi er lögaðili eða skipulagsheild af örðru tagi er ábyrgðin alfarið ábyrgðaraðila.

Nánari úlistun á skyldum ábyrgðaraðila og skilríkjahafa má finna í viðeigandi vottunarstefnum.

## 5 Treystendur

### 5.1 Uppbygging trausts

Áður en treystendur taka ákvörðun um að treysta tilteknunum rafrænum skilríkjum er nauðsynlegt að treystendur kynni sér ítarlega skyldur ábyrgðaraðila og skilríkjahafa, bæði skv. skilmálum þessum og viðeigandi vottunarstefnum.

Til þess að treystendur geti reitt sig af sanngírnar á tiltekin skilríki sem Auðkenni gefur út skulu þeir:

- a) Staðfesta gildi, tímabundna ógildingu eða afturköllun á móttaknum skilríkjum með nýjustu upplýsingum um afturköllunarstöðu, sbr. grein 5.2.
- b) Taka tillit til allra takmarkana í notkun rafrænna skilríkja eins og þær eru birtar treystendum annað hvort í skilríkjum sjálftum eða í þessum skilmálum.

Upplýsingamiðlun frá Auðkenni kemur ekki í veg fyrir skyldu treystenda til þess að kanna heimildir skilríkjahafa til beitingar skilríkjanna, svo sem umboð, fjárræði, aldur, hæfi og þess háttar.

### 5.2 Staðfesting á afturköllun skilríkja

Treystandi hefur val um tvær leiðir í upplýsingaöflun um afturkölluð skilríki; afturköllunarlista skilríkja (CRL) og fyrirspurn á stöðumiðlunarþjóna (OCSP þjóna). Afturköllunarlistinn, sem er aðgengilegur treystendum án endurgjalds, getur innihaldið allt að 24 tíma gamlar upplýsingar. Stöðumiðlunarþjónar, sem eru aðgengilegir án endurgjalds til persónulegra nota en bjóðast einnig á herra þjónustustigi gegn gjaldi, vinna með rauntímaupplýsingar sem veitir aukið öryggi gegn því að afturkölluðum skilríkjum sé treyst.

Fyrirspurnir þessar eru reikningsfærðar mánaðarlega eftir notkun samkvæmt gjaldskrá. Við vanskil mun Auðkenni loka fyrir aðgang viðkomandi treystanda að stöðumiðlunarþjónum þangað til gengið hefur verið frá greiðslu, sbr. gr. 8.

Nýting afturköllunarlista fremur en stöðumiðlunarþjóna er ákvörðun treystanda og alfarið á hans eigin áhettu. Auðkenni ber enga ábyrgð á því tjóni sem kann að leiða af því að treystandi velur að hagnýta upplýsingar sem sýna hugsanlega ekki rétta stöðu skilríkja. Afturköllunarlistar eru almennt örugg leid til staðfestingar á stöðu skilríkja en rauntíma stöðumiðlun býður upp á aukið öryggi og er ráðlöög aðferð þegar hagsmunir treystenda eru miklir.

### 5.3 Hagnýting hugbúnaðarlausna Auðkennis

Þjónustuveitendur sem þess óska geta fengið aðgang að þjónustuframboði Auðkennis gegn gjaldi, sbr. gr. 8. Upplýsingar um þjónustu í boði, þjónustustig og greiðslu eru á vef Auðkennis.

Þjónustuveitanda er einvörðungu heimilt að nota þjónustuna á þann veg sem fyrir er lagt í þjónustulýsingu hennar og í samræmi við skilmála þessa.

Auðkenni sér til þess að þjónustan og rekstrarumhverfi hennar séu í keyrsluhæfu ástandi í samræmi við það þjónustustig sem þjónustuveitandi velur. Þjónustuveitandinn ber sjálfur ábyrgð á því að viðhalda og uppfæra tölvubúnað sinn svo hann geti ekki skaðað eða haft slæm áhrif og fái á hverjum tíma tengst við lausnir Auðkennis. Þjónustuveitandi ber jafnframt ábyrgð á sérvherjum galla eða fráviki sem kann að koma fram í vél- eða hugbúnaði hans. Þjónustuna hefur Auðkenni tiltæká á skilgreindum þjónustutíma hennar, með þolmörkum sem Auðkenni leitast við að tryggja.

Auðkenni er heimilt, án þess að gera um það sérstakan fyrirvara gagnvart þjónustuveitanda, að breyta því hvernig þjónusta félagsins er veitt, m.a. að skipta um undirverktaka, ef það verður gert án þess að valda þjónustuveitanda óþaegindum. Auðkenni er einnig heimilt að gera aðrar breytingar á þjónustu sinni, með hvaða hætti sem er, einum mánuði eftir að þjónustuveitanda hefur verið tilkynnt um það með sannanlegum hætti.

Í þeim tilvikum þar sem notkun á þjónustunni getur haft í för með sér skaðleg áhrif, eða líkur eru á tjóni fyrir Auðkenni, er félaginu heimilt að leggja niður eða takmarka aðgengi þjónustuveitanda að þjónustunni. Þó er Auðkenni ekki heimilt að grípa til neinna aðgerða, sem ekki geta talist rétlætanlegar miðað við fyrilliggjandi aðstæður. Þjónustuveitanda skal eins fljótt og unnt eftir tilkynnt um takmörkun á aðgengi að þjónustunni. Gildir þetta einnig ef þjónustuveitandi hefur brotið gegn ákvæðum skilmála þessara, m.a. með því að fylgja ekki skilyrðum sem sett eru fram í þjónustulýsingum eða að umsamin þóknun hefur ekki verið greidd þrátt fyrir áskorun um að greiða hana eins og nánar er lýst í greiðsluskilmálum félagsins, sbr. gr. 8.

## 6 Auðkenni

### 6.1 Skráningarstöðvar

Auðkenni hefur samið við ýmsa aðila um að gegna hlutverki skráningarstöðva tengd skráningu og afhendingu rafrænna

skilríkja. Þessir aðilar eru ekki útgefendur rafrænu skilríkjanna. Upplýsingar um þessa aðila er að finna á vef Auðkennis.

### 6.2 Takmörkun ábyrgðar

Auðkenni er eingöngu ábyrgt fyrir tjóni sem kann að verða vegna notkunar rafrænna skilríkja ef um er að kenna saknæmu eða ólögmætu athæfi starfsmanna félagsins eða aðila sem það ber ábyrgð á, svo sem skráningarstöð. Auðkenni ber aldrei ábyrgð á tjóni sem verður vegna galla eða bilunar í aðkeyptum búnaði. Auðkenni ber aðeins ábyrgð á tjóni sem treystandi verður fyrir, þegar einstaklingur kemst yfir skilríki annars aðila með svikum eða öðrum hætti, ef um er að ræða ásetning eða gáleysi af hálfu starfsmanna eða skráningafulltrúa á vegum Auðkennis við vottun á skilríkjahafa.

Auðkenni gerir ráðstafanir til þess að kanna lögræði skilríkjahafa og eftir atvikum umboð yfirlýsts lögráðamanns, eftir því sem unnt er. Auðkenni ber ekki ábyrgð á tjóni sem treystendur telja sig verða fyrir verði misbrestur á könnun Auðkennis í þessum efnum.

Undir engum kringumstæðum (að öðru leyti en því sem sérstaklega er tilgreint er í 13. gr. eIDAS reglugerðinni) skal Auðkenni vera ábyrgt fyrir nokkurs konar óbeinu, tilviljanakenndu eða afleiddu tjóni, þar með talið en ekki einskorðað við hvers konar missi á hagnaði, missi afnota, eða refsikenndum bótum eða viðurlögum sem orsakast af eða í sambandi við notkun, afhendingu, heimildir, virkni eða óvirkni skilríkja, rafrænna undirskrifta, rafrænna innsigla, eða hvers konar framkvæmda eða þjónustu sem boðin er fram eða áformuð í tengslum við rafrænu skilríkin.

### 6.3 Óviðráðanleg atvik (Force majeure)

Auðkenni ber ekki ábyrgð á tjóni er verður vegna þess að ekki er unnt að uppfylla skyldur samkvæmt samningnum vegna ófyrirsjánlegra eða óviðráðanlegra atvika svo sem en ekki eingöngu, truflana á orkuveitum, fjarskiptum, fjarskiptabúnaði eða samgöngum, hafnbanns, viðskiptahamla eða verkfalla, flutningstjóns, eldsvoða, náttúruhamfara, stríðsástands eða hryðjuverka, hóploysa eða farsótt, uppþota, borgaralegs óróa, skemmdarverka eða spellvirkja (þar með talið tjón af völdum tölvuveira eða tölvuþrjóta), ennfremur vegna aðgerða stjórnvalda eða dómstóla eða vegna setningar lagabøða.

Auðkenni ber heldur ekki ábyrgð á tjóni af völdum bilunar í eða skorti á nauðsynlegum aðgangi að tölvukerfum sem Auðkenni notar eða tjóni á gögnum í viðkomandi kerfum sem rekja má til óviðráðanlegra atvika. Þessi takmörkun á ábyrgð gildir án tillits til þess hvort rekstur kerfanna er í höndum Auðkennis eða undirverktaka þess.

### 6.4 Tryggingar

Auðkenni kaupir og viðheldur tryggingu fyrir hugsanlegum skaðabótakröfum, hvort heldur er frá ábyrgðaraðilum, skilríkjahöfum eða treystendum. Tryggingarupphæðin er ákvörðuð með hliðsjón af umfangi rekstrar traustþjónustunnar hverju sinni.

### 6.5 Hugverka- og auðkennaréttindi

Auðkenni á hugverka- og auðkennaréttindi yfir þeim verðmætum er þjónusta félagsins felur í sér, eða hefur heimild þriðja aðila til að nýta slísk réttindi. Með hugverka- og auðkennaréttindum er átt við höfundaréttindi, einkaleyfisrétt, vörumerki, firmaheiti, hönnunarrétt, rétt til viðskiptaleydarmála, tæknipekkingu (e. know-how) eða önnur réttindi sem nú er mælt fyrir um í lögum eða síðar kunna að verða leidd í lög.

## 7 Öryggi, varðveisla og vinnsla gagna

### 7.1 Birting upplýsinga

Upplýsingar sem verða til í tengslum við þjónustuveitingu Auðkennis sem lýst er í skilmálum þessum, eru álitnar trúnaðarupplýsingar og ekki til opinberrar birtingar, nema þegar það er sérstaklega tilgreint.

Upplýsingar um skilríkjahafa í rafrænum skilríkjum eru opinberar upplýsingar sem hann hefur verið upplýstur um að verði birtar.

### 7.2 Varðveisla upplýsinga

Upplýsingar sem safnast hjá Auðkenni við skráningu, notkun og þegar treystendur reiða sig á rafrænu skilríkin, eru varðveitt hjá félaginu í 10 ár hið minnsta frá lok gildistíma skilríkis. Ítarlegar er fjallað um varðveislutíma einstakra tegunda upplýsinga í yfirlýsingum Auðkennis um framkvæmd traustþjónustu.

Upplýsingar um skilríkjahafa eru varðveittar eins og nauðsynlegt er í þeim tilgangi að veita sönnun á vottun fyrir dómstólum.

### 7.3 Vinnslu persónuupplýsinga

Ítarlegar upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í viðeigandi vottunarstefnum og að öðru leyti á vef Auðkennis.

## 8 Gjaldtaka og greiðsluskilmálar

### 8.1 Almennt

Auðkenni gefur út og viðheldur gjaldskrá þar sem tilgreindar eru upplýsingar um verð fyrir einstaka þjónustuþætti sem félagið veitir. Gjaldskráin er ófrávirkjanlegur hluti skilmála þessara.

Öll þjónusta sem veitt er af Auðkenni er reikningsfærð samkvæmt tímagjaldi í samræmi við gjaldskrá hverju sinni.

Auðkenni áskilur sér rétt til einhliða breytinga á gjaldskrá og getur sú breyting haft áhrif á mánaðarlega þóknun viðskiptavina. Slíkar breytingar skulu taka gildi gagnvart viðskiptavinum að liðnum einum mánuði eftir að viðskiptavinum hefur verið tilkynnt um þær.

### 8.2 Greiðsluskilmálar

Viðskiptavinum ber að greiða Auðkenni þóknun fyrir vöru og þjónustu.

Auðkenni gefur út reikning ásamt greiðslukröfum til viðskiptavinum í lok hvers mánaðar vegna fastra mánaðarlegra greiðslna fyrir reglubundna þjónustu og vegna annarrar þjónustu, sem intt var af hendi í sama mánuði. Viðskiptavinur ber þann kostnað, sem hlýst af innheimtunni.

Reikningar Auðkenni skulu vera nægjanlega sunduriðaðir og studdir fylgiskjölmum svo unnt sé að sannreyna þá. Verði ágreiningur um fjárhæð reiknings getur viðskiptavinur ekki neitað greiðslu á þeim hluta sem er óumdeildur. Gjalddagi er 20 dögum eftir útgáfudag reiknings. Eindagi og gjalddagi eru að jafnaði sama daginn.

Greiði viðskiptavinur ekki umsamaða þóknun á eindaga skal hann greiða dráttarvexti í samræmi við ákvarðanir Seðlabanka Íslands skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá gjalddaga til greiðsludags. Við vanskil á greiðslu reikninga áskilur Auðkenni sér rétt til að loka fyrir aðgang viðkomandi að þjónustu Auðkennis þangað til gengið hefur verið frá greiðslu.

Falli til kostnaður hjá Auðkenni vegna lögbundins eftirlits með viðskiptavinum ber viðskiptavinur ábyrgð á greiðslu þess kostnaðar eftir gjaldskrá Auðkennis um útselda vinnu hverju sinni.

Við slit samnings Auðkennis og viðskiptavinar, af hvaða ástæðu sem er, ber viðskiptavini að greiða til Auðkennis áfallna þóknun. Um slíkar greiðslur gilda ákvæði greiðsluskilmála þessara.

Sé samningi Auðkennis og viðskiptavinar rift vegna vanefnda viðskiptavinar eða vegna gjaldþrots, greiðslustöðvunar eða nauðsamninga viðskiptavinar, skal viðskiptavinur jafnframt greiða Auðkenni: a) Gjald fyrir hvern byrjaðan mánuð á því tímamarki þegar riftun skv. framan rituðu á sér stað eða á sama hátt fyrir annað byrjað tímabil er gjaldtaka miðast við samkvæmt

gjaldskrá. b) Það tjón er Auðkenni hefur sannanlega orðið fyrir vegna samninga um greiðslu leyfis-, viðhalds- eða þjónustugjálða við birgja hugbúnaðar er var í notkun hjá viðskiptavini þegar riftun átti sér stað.

### 9 Aðgengi að skilmálum og skjölum

Skilmálar þessir og önnur skjöl sem tengjast þjónustu þeiri sem hér er lýst eru aðgengilegir á vef Auðkennis, repo.audkenni.is.

### 10 Vanefndir og riftun

Brjóti ábyrgðaraðili, skilríkjahafi, þjónustuveitandi, annar treystandi eða aðrir gagnaðilar gegn skyldum sínum skv. skilmálum þessum áskilur Auðkenni sér rétt til þess að stöðva þjónustuna sem aðilinn hagnýtir, hvort sem það er með afturköllun skilríkja, lokun aðgangs eða aðrar ráðstafanir sem Auðkenni telur viðeigandi hverju sinni.

### 11 Framsal

Einungis Auðkenni er heimilt framsal á skyldum sínum skv. skilmálum þessum.

### 12 Lok traustþjónustu

Hætti Auðkenni að veita traustþjónustu skal Auðkenni tilkynna viðskiptavinum um það svo fljótt sem verða má og telst sú tilkynning uppsögn á samningssambandi Auðkennis og viðskiptavinar, eftir því sem við á, nema annað sé tekið fram í tilkynningunni. Um fyrirkomulag lokunar traustþjónustu, þar á meðal uppsagnarfrest sem um uppsögn af þessu tagi gildir, fer eftir viðeigandi vottunarstefnu.

### 13 Gildistími

Gildistími rafrænna skilríkja er sá tími sem tilgreindur er í skilríkjunum sjálfum nema skilríkin séu afturkölluð fyrir þann tíma samkvæmt heimild í skilmálum þessum.

Skilmálar þessir eru birtir á vef Auðkennis, þeir eru án gildistíma og skulu gilda þar til ný útgáfa kemur í þeirra stað. Skilmálar þessir taka gildi gagnvart einstökum aðilum um leið og aðilinn undirritar löggerðum tengdan Auðkenni eða hagnýtir sér þjónustu Auðkenni sem skilmálarnir fjalla um, hvort sem kemur á undan. Uppfærðar útgáfur af skilmálum þessum skulu eiga við um öll gild skilríki á útgáfudegi uppfærðra skilmála og þeirra sem gefin eru út eftir það. Upplýsingar um nýja útgáfu skilmála þessara eru birtar á vef Auðkennis.

### 14 Lögsaga og varnarþing

Íslensk lög skulu ráða gildi skilmála þessara og túlkun ákvæða þeirra. Rísi ágreiningur vegna notkunar á þjónustu Auðkennis skal hann rekinn fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### 15 Samskiptaupplýsingar

Auðkenni er með skrifstofu í Reykjavík, nánari upplýsingar má finna á heimasíðu félagsins audkenni.is. Einnig er hægt að hafa samband við félagið með því að senda tölvupóst á netfangið [fyrirspurnir@audkenni.is](mailto:fyrirspurnir@audkenni.is) eða í síma +354 530 0000.